



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/812
komudagur 10.2.2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2006.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga (66. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Hún felur það í sér að viðskiptaráðherra verið falið að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum.

Viðskiptaráð fagnar tillögu þessari og telur brýnt að ráðherra láti kanna þetta mál sem fyrst. Á það var bent í nýlegri skoðun Viðskiptaráðs (sjá meðfylgjandi skjal) að allt of algengt er að ríkisstofnanir séu í samkeppni við einkaaðila.

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemd við tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson

Meðfylgjandi:
Skoðun Viðskiptaráðs frá 23.11.05 um samkeppni ríkisfyrirtækja við einkaaðila.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/812
komudagur 10.2.2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2006.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga (66. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Hún felur það í sér að viðskiptaráðherra verið falið að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum.

Viðskiptaráð fagnar tillögu þessari og telur brýnt að ráðherra láti kanna þetta mál sem fyrst. Á það var bent í nýlegri skoðun Viðskiptaráðs (sjá meðfylgjandi skjal) að allt of algengt er að ríkisstofnanir séu í samkeppni við einkaaðila.

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemd við tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson

Meðfylgjandi:

Skoðun Viðskiptaráðs frá 23.11.05 um samkeppni ríkisfyrirtækja við einkaaðila.

23. nóvember 2005

SAMKEPPNI RÍKISFYRIRTÆKJA VIÐ EINKAÐILA

Fyrir um ári síðan var spurt að því í Skoðun Viðskiptaráðs hvort að ríkisvæðing væri að taka við af einkavæðingu. Var tilfnið ábending Ríkisendurskoðunar um að fjölmargar ríkisstofnanir hefðu farið fram úr fjárlögum. Áður hafði Viðskiptaráð bent á að samhliða almennri einkavæðingu ríkisfyrirtækja hefur ríkisstofnunum fjölgað undanfarin ár og rekstur þeirra orðið sífellt umfangsmeiri. Þá er þátttaka ríkisins í atvinnulífinu enn umfangsmikil þótt lítið fari fyrir henni í daglegri umræðu.

Fram kom í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi í upphafi þessa árs að ríkið á hluti í hátt í 200 félögum¹, hlutafélögum og einkahlutafélögum, ýmist með beinum hætti eða í gegnum fjárfestingasjóði sína eins og Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóð. Eignarhlutur ríkisins í þessum félögum er allt frá 100% (dæmi: Íslandspóstur hf., Flugstöðin hf., Markmar ehf.) niður í 0.1% (dæmi: Stofniskur hf.). Flest þessara félaga eru í atvinnurekstri sem keppir með beinum hætti við aðra einkaaðila á markaðinum. Það er auðvitað ekki ásættanlegt að ríkið brengli með þessum hætti aðstæður á markaðinum á ógagnsæjan máta í gegnum eignaraðild að hlutafélögum. Viðskiptaráð telur brýnt að ríkið hverfi frá þessari beinu þátttöku í fyrirtækjum sem betur væru komin í einkarekstri.

Nú verður sjónum hins vegar sérstaklega beint að ríkisstofnunum, en ekki ríkisfyrirtækjum, sem hefur ekki bara fjölgað undanfarin ár heldur einnig stækkað. Allar þessar stofnanir hafa lögbundnu hlutverki að gegna sem yfirleitt er nokkuð skýrt afmarkað. Það blasir hins vegar við að í mörgum tilvikum fer starfsemi ríkisstofnana út fyrir hið lögbundna hlutverk þeirra. Það er oft á tíðum kannski ekki nema von enda liggja oft óljós mörk milli þess sem menn telja ríkið eitt hafa getu til eða eiga að framkvæma og þess sem markaðurinn sinnir alla jafna. Um leið og einkaaðilar haslar sér völl á ákveðnu sviði á það að vera regla, en ekki undantekning, að lögð séu niður sambærileg verkefni hjá ríkisstofnun.

Skilin milli verkefna ríkisins og markaðarins hljóta einnig að breytast með tímanum og oft færast þau skyndilega til. Þá kemur upp sú spurning um hvort að ekki sé tími til kominn að huga að breyttu lögbundnu hlutverki ríkisstofnunar. Í ljósi viðbragða markaðarins er jafnframt nauðsynlegt að endurskoða á hverjum tíma þörfina fyrir tiltekna ríkisstofnanir.

SKÝRSLA FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIS UM SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA

Í apríl 1996 gaf fjármálaráðuneytið út athygliverða skýrslu sem nefndist Bætt samkeppnisstaða Íslands í framtíðinni. Var skýrslan afrakstur vinnu starfshóps um sama efni sem skipaður var af þáverandi fjármálaráðherra, Friðriki Sophussyni. Rauði þráðurinn í skýrslunni er sá að samkeppni sé ein megin undirstoð framþróunar. Fram kemur í skýrslunni að um þriðjungur atvinnustarfsemi sé rekinn án þess að um neina samkeppni sé að ræða. Er þar oftsinnis um að ræða atvinnustarfsemi sem ríkið sinnir og erfitt, ef ekki

¹ Í svari fjármálaráðherra, sem er frá 25. janúar 2005, kemur fram að 1. desember 2004 hafi félögin verið 179 sem íslenska ríkið, ríkisstofnanir og sjóðir í eigu ríkisins voru hluthafar í. (Þskj. 684, 131. lþ.) Rétt er þó að hafa í huga að í sumum tilvikum er aðkoma ríkisins með fleirum hætti en einum (t.d. í gegnum bæði Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóð) þannig að tilvikin sem taka mætti til skoðunar eru 208.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

ó mögulegt, er fyrir einkaaðila að komast inn í vegna gífurlega sterkra stöðu ríkisins. Ríkið er jafnframt í starfsemi þar sem samkeppni er fyrir og skekkir þar stöðuna til muna. Verður vart sagt að um frjálsa og eðlilega samkeppni sé að ræða þar sem ríkið er í atvinnurekstri. Það eykur enn á þessa misjöfnu samkeppnisstöðu að margar ríkisstofnanir innheimta ekki virðisaukaskatt af þjónustu við aðra opinbera aðila.

FJÖLDI RÍKISSTOFNANA

Þegar fjallað er um ríkisstofnanir er vert að hafa í huga að hin ýmsu embætti ríkisins falla undir þá skilgreiningu að vera ríkisstofnanir, þótt almennt sé ekki litið svo á. Þannig eru til dæmis héraðsdómstólar og sýslumannsembætti um land allt talin til ríkisstofnana. Fjöldi ríkisstofnana telst því um 240. Viðskiptaráð teldi óvarlegt að fjalla um þær allar í því samhengi sem þessi skýrsla lýtur að enda þótt ráðið telur að auðveldlega mætti fækka stofnunum (embættum) ef vilji væri til þess. Reyndar er þróunin í þá átt eins og nýlegar fréttir af áformum dómsmálaráðherra um að fækka lögregluembættum.

Af þessum 240 ríkisstofnunum má hins vegar telja a.m.k. um 30 þess eðlis að um samkeppni þeirra geti verið að ræða við einkaaðila. Er þar aðallega um að ræða hinar hefðbundnu ríkisstofnanir eins og menn hafa tilhneigingu til að skilgreina þær; stofnanir sem hafa einhvers konar viðtækara þjónustuhlutverki að gegna heldur en þeirri þjónustu sem leiðir af stjórnsýslunni.

SÉRTEKJUR RÍKISSTOFNANA

Aðhald í ríkisrekstri hefur aukist á undanförunum árum og eru gerðar kröfur til forstöðumanna ríkisstofnana um að þeir hagræði og sýni ráðdeild í rekstri. Til þess verður þó að líta að stofnanir hafa tilhneigingu til að blása út og það virðist oft ranglega vera viðhorf að um sé að ræða velrekna stofnun ef útgjöld hennar aukast jafnt og þétt. Þannig má leiða líkum að því að ef framlög frá ríkissjóði til stofnana minnka eða aukast minna en áður, leitist stofnanir við að finna önnur úrræði til að afla tekna.

Þess vegna er ekki úr vegi að velja því upp hvort stofnanir reyni að afla sér aukinna tekna með því að útfæra starfsemi sína. Stofnanir krefjast þá annað hvort heimildar til að innheimtu þjónustugjöld fyrir nýju þjónustu eða að stofnunin selur einkaaðilum þjónustuna, eins og einkaaðili myndi gera. Í báðum tilvikum er ekki ólíklegt að stofnunin sé að fara inn á svið sem einkaaðili hefur áður sinnt eða gæti sinnt jafnvel, ef ekki betur heldur en opinber aðili.

SKÝRINGAR Á LAGAÁKVÆÐUM UM VERKSVIÐ RÍKISSTOFNANA

Íslensk lagahefð byggir á lögbundinni stjórnsýslu. Ennfremur gildir svonefnd lögmætisregla sem felur það í sér að stjórnvöldum er ekki heimilt að gera neitt nema til þess standi sérstök heimild í lögum. Viðfangsefnið er því nálgast út frá þeirri meginforsendur að umsvif ríkisins séu takmörkuð og verður því að teljast meginregla að ríkið sinni ekki tilteknum verkefnum og þá hlýtur starfsemi ríkisins fræðilega að vera undantekning. Viðurkennd lögskýringaregla er að undantekningar skuli skýra þröngt og því má ætla að skýra skuli lagaákvæði, þar sem mælt er fyrir um tilgang og starfssvið ríkisstofnana, þröngt. Eins og sjá má af þeim örfáu dæmum sem nefnd eru hér á eftir er hinsvegar augljóst að nokkuð hefur verið farið frjállega með þessi ákvæði og þau gjarnan skýrð nokkuð rúmt.

RÍKISENDURSKOÐUN

Í lögum um ríkisendurskoðun nr. 86/1997 er mælt fyrir um hlutverk Ríkisendurskoðunar sem er einkum endurskoðun ríkisreiknings og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá er Ríkisendurskoðun heimilt að gera svokallað stjórnsýsluendurskoðun sem felst í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 kostaði rekstur ríkisendurskoðunar 357 milljónir króna. Skýr heimild er fyrir Ríkisendurskoðun að feia utanaðkomandi sérfræðingum á viðkomandi sviði verkefni sem stofnuninni eru falin með lögnum. Rétt er að velja því upp hvort það sé almennt gert?



Ríkisendurskoðun hefur tekið að sér margs konar úttektir hjá stofnum og fyrirtækjum ríkisins. Viðskiptaráð vakti á því athygli á síðasta ári að stofnunin hefði til að mynda gert starfsánægjukönnun meðal starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Er þetta aðeins eitt fjölmargra dæma um það þegar ríkisendurskoðun hefur sjálf tekið að sér verkefni sem endurskoðunarfyrirtæki eða mannauðsráðgjafar eru a.m.k. kosti jafn vel í stakk búnir til að inna af hendi. Má jafnvel halda því fram að utanaðkomandi aðilar væru betur í stakk búnir til að sinna eins sérhæfðu verkefni eins og nefnt var í dæmi Landhelgisgæslunnar, vegna sérhæfðrar reynslu og þekkingar sem þeir kynnu að hafa.

Viðskiptaráð leggur til að sem flest verkefni verði unnin af sjálfstætt starfandi endurskoðendum og öðrum sérfræðingum. T.d. væri hægt að bjóða út einstök stærri verkefni eða bjóða út heildstætt verkefni sem tiifalla á tilteknu tímabili.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er gert ráð fyrir Veiðimálastjóra sem fer með stjórnýslu veiðimála. Lögin gera jafnframt ráð fyrir aðskilinni Veiðimálastofnun sem ætlað er í fyrsta lagi að sinna rannsóknnum á ám og vötnum með það að markmiði að veita ráðgjöf um veiðinýtingu og þróun í þeim efnnum. Þá veita lögin í öðru lagi Veiðimálastofnun heimild til þess að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi, sbr. 3. tl. 90. gr. eru það verkefni sem stærri verkfræðistofur og sjálfstætt starfandi vísindamenn gætu auðveldlega sinnt. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna reksturs Veiðimálastofnunar upp á 122,5 milljónir kr. ár hvert. Árið 2004 var gert ráð fyrir sértekjum upp á tæpar 80 milljónir kr.

Viðskiptaráð leggur til að 3. tl. 90. gr. framangreindra laga verði numinn úr gildi.

NÁMSGAGNASTOFNUN

Námsgagnastofnun er 25 ára á þessu ári en aldurinn veitir þó ekki vísbendingu um hversu lengi hið opinbera hefur haft afskipti af útgáfu námsbóka. Stofnunin tók nefnilega við starfi Ríkisútgáfu námsbóka sem sett var á laggirnar árið 1937. Kannski má halda því fram að um miðja síðustu öld hafi verið ástæða til þess að ríkið hlutaðist til um námsgagnagerð þó vissulega megi færa fyrir því rök að þróun námsgagna hafi með því orðið minni en ella. Í dag eru hins vegar aðstæður með þeim hætti að öflug bókaforlög hafa haslað sér völl í námsgagnagerð. Þannig reiða framhaldsskólar sig á hinn almenna markað um allar kennslubækur. Lög nr. 23/1990 um Námsgagnastofnun fela Námsgagnastofnun hins vegar að sjá grunnskólum fyrir náms- og kennslugögnum. Þó er einnig heimild fyrir því að fela stofnuninni að annast verkefni fyrir framhaldsskóla og tónlistarskóla.

Stofnuninni er ætlað að annast gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum og um leið að kaupa og framleiða fræðslumyndir eða vera aðili að gerð þeirra. Námsgagnastofnun er með öðrum orðum heimilt að kaupa, selja og dreifa náms- og kennslugögnum frá öðrum aðilum. Þá er Námsgagnastofnun ætlað að hafa með höndum þróun námsgagna og frumkvæði að könnunum og rannsóknnum á gerð þeirra og notkun. Sjálf framleiðslan á námsefninu, þ.e. prentun og önnur tæknileg vinna er í flestum tilvikum boðin út. Engin rök leiða til þess að námsgagnagerð á grunnskólastigi lúti öðrum iögmálum en þeim framhaldsskólastigið lýtur, þ.e. markaðslögmálinu. Rekstur stofnunarinnar kostar 382 milljónir samkvæmt fjárlögum ársins 2005.

Viðskiptaráð hvetur til þess að starfsemi Námsgagnastofnunar verði endurskoðuð. Telur ráðið vel koma til greina að leggja stofnunina alfarið niður. Að öðrum kosti verði hlutverki hennar breytt í þá vegu að hún annist frekar úttekt og ráðgjöf vegna námsgagna skólanna.

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

Lög um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, gera ráð fyrir starfsemi Landmælinga Íslands, sérstakrar ríkisstofnunar sem ætlað er að sinna m.a. staðfræðilegum og landfræðilegum mælingum og útgáfu landslagskorta af Íslandi á prentuðu og stafrænu formi.

Starfsemi ýmissa einkafyrirtækja, s.s. Loftmynda ehf. og verkfræðistofunnar Hnits ganga m.a. út á að kortleggja landslag Íslands. Starfsemi Landmælinga er því að miklu leyti á því



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

sviði sem þessi fyrirtæki sinna. Í október s.l. gerðu Loftmyndir ríkissjóði tilboð um að taka yfir rekstri Landmælinga gegn greiðslu 100 milljóna króna á ári næstu 5 árin. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 kostar 226 milljónir króna að reka stofnunina. Hér er því um kostaboð að ræða fyrir íslenska skattgreiðendur. Stofnunin heyrir undir umhverfisráðherra og nú liggur fyrir að hann hyggst beita sér fyrir breytingum á áðurnefndum lögum með það að markmiði að draga verulega úr samkeppni Landmælinga Íslands við einkaaðila.

Viðskiptaráð hvetur til þess að Landmælingar hætti þeirri starfsemi sem er í samkeppni við einkaaðila en að önnur starfsemi stofnunarinnar verði boðin út.

RANNSÓKNARSTOFNUN FISKIÐNAÐARINS

Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, fjalla um Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins (RF). Ákvæði um RF eru ekki þess eðlis að þau telji með tæmandi hætti möguleg verkefni stofnunarinnar. Kveðið er á um verkefni á borð við rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins í því skyni að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna, og aðstoð og leiðbeiningar við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar. Þá er RF ætlað að kynna nýjungar í fiskiðnaði, tækjum og vinnsluáferðum og prófun á gagnsemi þeirra. Einnig stendur RF fyrir námskeiðum fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum. „Nauðsynleg rannsóknarþjónusta við fiskiðnaðinn“ er svo talin meðal verkefni RF. Lögin veita enga vísbendingu um hversu víðtæk slík rannsóknarþjónusta geti orðið. Raunin er enda sú að rannsóknarstarfsemi RF hefur í auknum mæli verið að keppa við einkaaðila. Það kostar 386 milljónir árlega að reka RF samkvæmt fjárlögum ársins 2005.

Viðskiptaráð leggur til að Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins verði lögð niður.

RANNSÓKNARSTOFUR Á VEGUM RÍKISINS

Ríkið rekur rannsóknarstofur á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Ýmist eru þetta sjálfstæðar rannsóknarstofur, eins og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, eða rannsóknarstofur inn á öðrum stofnunum ríkisins sem hafa að einhverju leyti víðtækari starfsemi með höndum, eins og t.d. Iðntæknistofnun. Þessar rannsóknarstofur, sjálfstæðar eða ekki, eru mjög gjarnan í samkeppni við einkaaðila sem í auknum mæli eru nú farnir að bjóða upp á rannsóknir af hvers kyns toga.

Viðskiptaráð leggur til að hlutverk rannsóknarstofa ríkisins verði endurskoðað þannig að þær annist ekki rannsóknir í samkeppni við einkaaðila.

SÝSLUMANNSEMBÆTTIN

Nýlega bárust fréttir af nýrri starfsemi hjá sýslumannsembættunum sem fyrirhuguð er í tengslum við útgáfu nýrra tegunda vegabréfa. Þannig er ráðgert að myndataka fyrir vegabréf fari fram hjá sýslumönnum og er ljóst að þar með eru starfsemi sýslumannsembættanna komin á svið atvinnuljósmyndara. Það stefnir þó ekki einu sinni í samkeppni sýslumanna við ljósmyndara því samkvæmt fréttum verður gert ráð fyrir að myndataka fyrir vegabréf geti aðeins farið fram hjá sýslumönnum en ekki atvinnuljósmyndurum. Ríkið er því að mæla fyrir um einokun sinna á starfsemi sem hefur hingað til verið áfallalaust haldið út eingöngu af einkaaðilum. Kostnaður við þetta mun nema tugum milljóna á ári. Fullyrðingar um að þetta sé nauðsynlegt af öryggisástæðum eiga ekki við rök að styðjast enda tíðkast þetta fyrirkomulag t.d. ekki á norðurlöndunum sem lúta þó jafnframt Schengen í þessum efnum. Myndatökur í passamyndir eru oft stór hluti af starfsemi ljósmyndara og er því jafnvel haldið fram að þetta gæti riðið sumum ljósmyndurum að fullu.

Viðskiptaráðið leggur til að ríkið láti af hugmyndum sínum um að sýslumenn annist myndatökur í vegabréf.

VINNUEFTIRLITIÐ

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, er gert ráð fyrir Vinnueftirliti ríkisins. Í lögnum er Vinnueftirlitinu ætlað margvíslegt hlutverk á þeim sviðum sem lögín fjalla um, að miklu leyti sem umsagnaraðili vegna ýmissa reglna sem félagsmálaráðherra er ætlað að setja. Samkvæmt 75. gr. laganna eru þó talin upp verkefni Vinnueftirlitsins í tólf liðum og er þó ekki um tæmandi talningu að ræða. Verkefni eru allt



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

frá almennu stjórnsýsluhlutverki til almennrar fyrirtækjaráðgjafar. Ákvæði lagagreinarinnar um ráðgjöf til handa einkaaðilum eru afar opin og undir þann þátt má heimfæra ýmis konar þjónustu Vinnueftirlitsins. Vinnueftirlitið hefur til að mynda tekið að sér ýmsar starfsmannaúttektir sem ráðgjafastofur geta hæglega tekið að sér. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 kostaðir rekstur Vinnueftirlitsins 370 milljónir króna.

Viðskiptaráði er kunnugt um eftirfarandi raunverulegt dæmi um hvernig þetta hefur horft við einkaaðila á markaðinum. Verkefni var unnið af Liðsinni – Sólarplexus (LSP) í samstarfi við Samiðn og Samtök Iðnaðarins ásamt fjórum öðrum einkaaðilum. Tilgangur verkefnisins var að kortleggja áhættuþætti í vinnuumhverfi í málm- og byggingariðnaði til að finna leiðir til að draga úr slysum starfsmanna. Matskerfi frá LSP var notað og gert var skimunarúrtak hjá fjórum fyrirtækjum með um 150-200 starfsmenn og var meginniðurstaðan slök öryggisvitund. Í kjölfarið voru sett á laggirnar tvö verkefni á vegum Vinnueftirlits ríkisins; verkefni sem LSP hefði auðveldlega getað sinnt. Niðurstaðan af þessu frumkvæmi einkafyrirtækjanna var því sú að Vinnueftirlitið bætti við sig verkefni á sviði eflingar öryggisvitundar á meðal starfsmanna þessara fyrirtækja. Meðal annars með skýrslu LSP úr ofangreindri greiningu til grundvallar. Þá var átaki í heilsueflingu hrundið af stað innan Samtaka atvinnulífsins, í samvinnu við Vinnueftirlitið.

Annað dæmi má taka. Ráðgjafafyrirtæki var með víðtækan þjónustusamning við stórt tæknifyrirtæki sem náði m.a. til heilbrigðis- og öryggishátta á vinnustaðnum með skipulegum hætti. Vinnueftirlitinu var fullkunnugt um þetta samstarf en bauð tæknifyrirtækinu námskeið um eflingu öryggisvitundar með svokölluðum TR mæli og Elemri mæli, fyrirtækinu að kostnaðarlausu. Þetta var nákvæmlega einn af þjónustuþáttum ráðgjafafyrirtækisins.

Að lokum kemur enn annað dæmi um samkeppni Vinnueftirlitsins. Árin 2003-2004 framkvæmdi ráðgjafafyrirtæki áhættugreiningu á tveimur togurum fyrir útgerð og var með 1 árs heilsueflingu í kjölfarið. Markmið ráðgjafafyrirtækisins var að nýta þá reynslu og þekkingu á öðrum rekstrarsviðum útgerðarfélagisins. Stuttu eftir ráðgjafavinnuna bauð Vinnueftirlit ríkisins útgerðafyrirtækinu tilraunaverkefni um áhættugreiningu í landvinnslu fyrirtækisins, sem útgerðafyrirtækið þáði, enda þeim að kostnaðarlausu. Áður hefur svo Viðskiptaráð vakið athygli á „starfsánægjukönnun“ Vinnueftirlitsins, sem svo var kölluð í fréttum, meðal starfsmanna Landspítalans. Vinnueftirlitið gerði athugasemdir við ályktun sem Viðskiptaráð dró af fréttum af þeirri könnun og áréttaði þá túlkun sína á lagaákvæðum um Vinnueftirlit að slíkar kannanir væru liður í því að kanna aðbúnað starfsmanna á vinnustað. Viðskiptaráð mótmælir hins vegar áfram svo rúmri lagatúlkun.

Viðskiptaráð leggur til að Vinnueftirlitið taki markvisst til skoðunar þau verkefni sem lúta að ráðgjöf til fyrirtækja með það að leiðarljósi að fækka þeim sem eru í beinni samkeppni við einkaaðila.

NIÐURSTAÐA

Með hliðsjón af þeirri meginstefnumörkun sem ríkisstjórnir síðustu ára hafa haft varðandi ríkisrekstur almennt er þó óhætt að fullyrða að mörk ríkisrekstrar og einkarekstrar séu nokkuð skýr ef nánar er að gáð. Með einkavæðingu síðustu ára hefur markvisst verið unnið að því að leggja niður samkeppni ríkisins við einkaaðila. Sömu sjónarmið eiga við um ríkisstofnanir. Það getur vissulega verið umfangsmikið verkefni fyrir ríkisstofnun að fylgjast með því á hvaða sviðum einkaaðilar hafa haslað sér völl. Það er hins vegar ekki nema eðlilegt að gera þá kröfu til forstöðumanna ríkisstofnana að þeir sjái til þess að stofnunin sé ekki í samkeppni á markaðinum.

Að þessu leyti hvílir einnig mikil ábyrgð á einkaaðilum. Þeir verða að búa svo um hnútana að opinberir aðilar upplífi ekki hvatningu til þess að veita þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila. Þannig þurfa einkaaðilar að meta það með skipulegum hætti hvort rétt sé að þiggja opinbera þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila, jafnvel þótt sú opinbera sé veitt gegn vægara gjaldi eða jafnvel ókeypis.

Nánari upplýsingar veita Þór Sigfússon framkvæmdastjóri og Davíð Þorláksson hjá Viðskiptaráði Íslands í síma 510 7100.

